

38. fundur skráningarráðs 7. maí 2008

Haldinn í Landskerfi bókasafna kl. 9:00

Fundarmenn: Hulda Ásgrímsdóttir, Jóhanna Diðriksdóttir, Ragna Steinarsdóttir (fundarritari) og Þóra Sigurbjörnsdóttir. Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir, ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerðina og hún samþykkt.

2. Samráðsfundur skrásetjara 18. apríl s.l.

Glærur frá fundinum eru komnar á vef Landskerfis bókasafna. Um 80 manns sóttu fundinn og hann tókst vel.

Statement of international cataloguing principles er nýútkomið á vegum IFLA. Þar er kafla um nafnmyndir og tungumál sem styður það að nota íslensku þar sem hægt er.

Fundarmenn ákváðu að lesa skjalið vandlega og ræða á næsta fundi skráningarráðs.

Slóðin er http://www.ifla.org/VII/s13/icc/principles_review_200804.htm

3. Skráning á nótum

Nótnahópur hefur nær lokið störfum og Jóhanna lagði fram skjal frá hópnum, en í honum eru Ásdís Huld Helgadóttir, Bókasafni Hafnarfjarðar, Jóhanna Diðriksdóttir, Listaháskóla Íslands, Margrét Guðjónsdóttir, Lbs-Hbs og Sigríður Bjarnadóttir, Borgarbókasafni.

Jóhanna ræddi vandamál varðandi greiningu ártals, þ.e. hvað á að gera í sviðum 008 og 260. Á að gera grein fyrir tveimur ártölum eða nota eitt, upprunalegt ártal? Hildur ræðir málið við Önnu Jensdóttur og tónlistarhópin áður en endanlegt plagg verður lagt fram. Fundarmenn hallast að því að nota upprunalegt ártal, sleppa \$g í 260 og nota eitt ártal í 008. ISMN númerið (svið 024) þarf að vera leitarbært og birtast. Sigrún skoðar birtingu þess eftir útgáfuskiptin í júní. Skjalið er langt komið, Jóhanna og Hildur tóku að sér að ganga endanlega frá því. Skráningarráð samþykkir skjalið að teknu tilliti til athugasemda og þakkar hópnum vinnuna.

4. Minnisblað til stjórnar

Minnisblaði skráningarráðs, sem samþykkt var á 37. fundi ráðsins, var ekki dreift á fundi stjórnar Landskerfis bókasafna, heldur lesið þar upp. Þau svör bárust af fundinum að ekki yrði unnið við bókfræðigrunninn fyrr en að útgáfuskiptunum afstöðnum, þ.e.a.s. varla fyrr en undir haust. Fundarmenn eru ekki sáttir við þessa niðurstöðu mála, líta á þessi verkefni sem viðvarandi verkefni, ekki átaksverkefni. Koma þarf í veg fyrir að leiðir skilji milli þeirra sem sjá um innihald Gegnis og utanumhald. Þessi verkefni verða að vera samstarfsverkefni, unnin jafnt og þétt. Ástæða er til að hafa áhyggjur af þessu verklagi. Bodaður hefur verið fundur með framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna og tveimur stjórnarmönnum. Fundarboðendur vilja gera grein fyrir sjónarmiðum sínum. Leita þarf leiða til að virkja almenna skrásetjara betur í leiðréttingum og lagfæringum í Gegni. Það krefst utanumhalds og stjórnunar sem þarf að fá viðurkennda. Það þarf að viðurkenna ábyrgð og ákvarðanir þeirra sem bera ábyrgð á innihaldi Gegnis og sjá til þess að vettvangur sé til fyrir samstarf þeirra um viðhald gagnanna. Starfsmenn bæði

Landskerfis bókasafna og Lbs-Hbs hafa þetta á sinni könnu og þessi verkefni koma fram í starfslýsingum. Vinna þarf sameiginlega að verkefnaáætlun Landskerfis, Lbs-Hbs og skráningarráðs, annars er hætta á að þessir aðilar stefni hver í sína áttina.

5. Bréf frá Náttúrufræðisafnahópi

Svar skráningarráðs til hópsins rætt og samþykkt. Þóra sendir bréfið.

6. Önnur mál

Hulda: Ekki er alltaf hægt að setja “lag” í lýsingu á blönduðu efni á disk. Samþykkt var að setja “atriði” í stað “lag”.

Safnfærslur: Þóra kom með dæmi um titil sem gerð var aukafærsla fyrir í safnfærslu fyrir bækur á rússnesku. Aukafærslur eru ekki leyfilegar í safnfærslum, því slíkt verklag er andstætt markmiði safnfærslna. Vilji menn að titlar eða höfundar séu leitarbærir þarf að skrá efnið fullum fetum.

Skráning tónlistar var rædd og dæmi tekið af heildarútgáfu verka Bergþóru Árnadóttur frá 2008. Nokkuð mismunandi er hvernig farið er með efni af þessu tagi og reglur þarf að samræma, einkum hvort gera á eina færslu fyrir alla diskana eins og gert er við Þursaflokkinn eða skrá hvern disk í sínu lagi eins og stundum er gert. Stundum birtast villandi upplýsingar um fylgiefni og athugasemdir ef efnið er skráð í mörgum færslum. Draga þarf úr upptalningu efnis eins og kostur er. Hildur, Ragna og Þóra setjast yfir þessi mál.

Hulda: Röng birting á greinarmerkjum í flettilistum. Þetta verður skoðað eftir útgáfuskiptin í júní að sögn Sigrúnar.

Þóra spyr um óvirka tengla. Þeir verða skoðaðir eftir útgáfuskiptin.

Næsti fundur er ráðgerður mánudaginn 9. júní kl. 10-12. Verkefni fyrir fundinn er að lesa *Statement of international cataloguing principles*.

Fundi slitið kl. 11:15.